



Fjölmennt árleg minningarathöfn um fórnarlömb umferðarslysa var haldin við lendingarpallinn hjá bráðamóttöku Landspítalans í Fossvogi í gærdag. FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI

FRÉTTABLAÐIÐ

+PLÚS

Nauðsynlegt skref til að hleypa fjárfestum að Keflavíkurflugvelli

Stjórn Isavia samþykkti fyrir helgi að skipta fyrirtækinu í þrennt. Sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans segir það nauðsynlegt skref í einkavæðingu Keflavíkurflugvallar.

SAMGÖNGUR „Ef það á að hleypa fjárfestum að Keflavíkurflugvelli þá er þetta nauðsynlegt skref í þá átt,“ segir Sveinn Þórarinnsson, sérfræðingur hjá hagfræðideild Landsbankans.

Fyrir helgi samþykkti stjórn Isavia að stofna sérstök dótturfélög utan um ólíka starfsemi. Verður þá samkeppnisrekstur á Keflavíkurflugvelli aðskilinn frá rekstri innanlandsflugvalla og flugleiðsögukerfi á Norður-Atlantshafi. Fríhöfnin verður áfram

rekin í sömu mynd. „Það hefur alltaf verið ljóst að skiptingin innan Isavia, starfsemin í kringum Keflavíkurflugvöll er alveg sér á báti. Innanlandsflugðið er niðurgreitt og enginn vilji meðal einkaaðila að fara þangað inn,“ segir Sveinn. „Lofthelgin verður alltaf á hendi ríkisins. Þessi skerping á skiptingu Isavia er alveg gefin og alveg í takt við fyrri yfirlýsingar.“

Fyrirtækið Domavia mun sjá um innanlandsflug eftir áramót. Sveinn

segir að burt séð frá eignarhaldinu þá sé skiptingin mjög skynsamleg. „Það er alveg hægt að gera þessa skiptingu innan fyrirtækisins, en það er athyglisvert að setja þetta í dótturfélög. Með því skapast grundvöllur fyrir því að hleypa einkaaðilum að borðinu. Ef það er vilji stjórnvalda á hverjum tíma.“

Aðspurður hvort Isavia þurfi að stíga fleiri skref áður en hægt sé að hleypa fjárfestum að borðinu telur

Sveinn ekki svo vera. „Þetta snýst þá bara um pólitískan vilja,“ segir Sveinn. „Isavia á auðveldan aðgang að fjármagni, aðkoma einkaaðila snýst ekki um að fá pening inn í reksturinn heldur að fá þekkingu inn í reksturinn. Að fá fjárfesta sem þekkjast rekstur flugvalla.“

Sveinn segir að ríkið gæti vissulega losað um fjármagn, en til þess væri vænlegra að einkavæða banka-ana. – ab

Vilja kosningu um skipulagið

REYKJAVÍK Minnihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur vill að farið verði í íbúakosningu um deiliskipulag í útjaðri Elliðaárdalsins þar sem til stendur að reisa gróðurhvelvingar ALDIN Biodome.

„Þarna erum við að tala um að reisa risastóra gróðurhvelvingu sem hefur mikil áhrif á sýn Elliðaárdalsins og upplifun fólks af náttúrunni,“ segir Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalístafllokks Íslands.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, segir þetta útspil áróðurs-trikk. „Ég er orðin þreytt á því að minnihlutinn sé að draga fram og misnota hugmyndir um íbúalýðræði þegar þeir vilja ekki einu sinni hlusta á niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá.“ – ab / sjá síðu 4

Allir heilir eftir bruna á Akureyri

AKUREYRI Allir sluppu ómeiddir þegar bárujárnsklætt timburhús við Norðurgötu á Akureyri brann í fyrrinótt. Í húsinu eru þrjár íbúðir en það mun vera gerónýtt eftir elds-vodann.

Í fyrstu var óttast að maður kynni að vera í einni íbúðanna þegar slökkvilið kom að en aðrir höfðu þá þegar komið sér út. Síðar kom í ljós að svo var ekki. Allt tiltækt slökkvilið tókst á við eldinn og gekk erfiðlega að ráða niðurlögum hans. Þurfti slökkvilið að rjúfa þak þess til að komast að eldinum. Ekki þótti öruggt að senda menn inn í húsið.

Mikinn reyk lagði frá húsinu og voru íbúar í grenndinni varaðir við og beðnir um að hafa glugga og dyr lokaðar. – jp

VAXTALAUS AFBORGUN V
VAXTALAUS AFBORGUN V
VAXTALAUS AFBORGUN V
VAXTALAUS AFBORGUN V

Vaxtalaus afborgun af
**ÖLLUM ÚRUM
OG SKARTGRIPUM**

M
MICHELSEN
ÚRSMÍÐIR

Kringlunni – www.michelsen.is

AUSTURBÆR
VIÐBURÐAHÚS
FUNDIR, VEISLUR
TÓNLEIKAR & FL.

3 SALIR
50 - 1.000 GESTIR

Tales from Iceland LUXOR

518 4000 / info@tales.is

Betolvex B-12


Betolvex 1 mg
cyanocobalamin

Fæst án lyfseðils

1 mg (cyanocobalamin) filmuhúðaðar töflur
Betolvex inniheldur 1 mg af cyanocobalamin (B12-vítamini). Betolvex er gefið við B12-vítamínskorti og þegar hættu er á slíkum skorti. Viðhaldsskammtar/ fyrirbyggjandi meðferð: Venjulega 1 tafla á dag. Töflurnar skal helst taka á fastandi maga. Lesið vandlega upplýsingar á umbúðum og fylgiseðli fyrir notkun lyfisins. Leitið til læknis eða lyfjafræðings sé þörf á frekari upplýsingum um áhættu og aukaverkanir. Sjá nánari upplýsingar um lyfið á www.serlyfjaskra.is

Actavis

Veður



Fremur hæg breytileg átt og víða léttskýjað í dag en stöku él vestan til í fyrstu. Frost 2 til 10 stig, kaldast í innsveitum norðanlands. Vaxandi suðaustanátt í kvöld og nótt, þykkar upp og hlýnar, fyrst suðvestan til. **SJÁ SIÐU 18**

Safnar sögum um hótanir

STJÓRN MÁL Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata, hefur sett upp vefsíðu þar sem hann auglýsir eftir sögum af hótunum og spillingu á Íslandi. Hann segir þetta ekki vera á svipuðum nótum og sögur af kerfinu sem Sigmundur Davíð Gunnlaugsson, formaður Miðflokksins, hefur óskað eftir frá almenningi.

„Nei, hann er frekar að leita að hraðahindrunum í kerfinu eða eitthvað svoleiðis,“ segir Björn Levi. „Þetta er frekar á þeim nótum að fólk fái viðvaranir um að tjá ekki stjórnmálaskoðanir sínar ellegar geti það misst vinnuna.“


Söfnunin hófst í gær og var hann nokkrum klukkutímum síðar kominn með á fjórða tug frásagna. „Ein þeirra er um ríkisstarfsmann sem gerði athugasemd við að áfengi hefði verið skráð sem matur á reikning. Eftir það missti hann af viðburði á vegum vinnunnar.“

Frásagnirnar eru allar nafnlausar, þarf heldur ekki að taka fram á hvaða vinnustað atvikið gerðist. Ekki er verið að ásaka einstaklinga heldur ná umfanginu. „Ég líki þessu við MeToo-söguöfnunina, það

var gert svo lítið úr því fyrir #MeToo hversu margir lentu í þannig atvikum en með því var hægt að sýna fram á umfangið. Þetta er bara til að fá fram umfangið,“ segir Björn Levi. „Söfnunin er aðgengileg á sites.google.com/view/sog-urafspillingu.“

– ab
Björn Levi Gunnarsson, þingmaður Pírata.

Jóla kötturinn vaktar hunda og menn í miðborginni



Reykjavíkurborg tekur nú óðum á sig jólalegan blá. Fjölmennt var í blíðviðrinu í gær í miðborginni þar sem menn og málleysingar spókuðu sig. Engum sögum fer af því hvernig hundar hafa tekið upplýsta vígalega jóla köttinum með rauðglóandi augun. Kötturinn sá er engin smásmíði, um 5 metrar á hæð og um 6 metrar á breidd og með 6.500 díóðuljósum. Hann ku standa vaktina á Lækjartorgi fram yfir áramót. **FRÉTTABLAÐIÐ/VALLI**

Maður lést af ofneyslu kókaíns

HEILBRIGÐISMÁL Karlmaður á fertugsaldri lést í síðustu viku eftir að hafa sprautað sig með kókaíni. Fram kom í kvöldfréttum Stöðvar 2 í gærkvöldi að maðurinn hafi verið langt leiddur fikill og hafi fundist á gangi í hóteli miðsvæðis í Reykjavík.

Líkt og Fréttablaðið hefur greitt frá hefur styrkleiki kókaíns sem er í umferð hér á landi aukist umtalsvert síðustu þrjú ár. Lagt hefur verið hald á mikið magn af kókaíni hér á landi á þessu ári. Þrátt fyrir það hefur götuverð haldist lágt.

Í þættinum Víglinunni í gær kallaði Áslaug Arna Sigurbjörnsdóttir dómsmálaráðherra eftir endurskoðun á íslensku fikniefnalögjögjöf. Sagði hún núverandi kerfi hafa virkað illa til að koma í veg fyrir fikniefnaneyslu. „Við verðum frekar að horfa á þá sem veika einstaklinga heldur en glæpamenn,“ sagði Áslaug Arna. – ab

Grófu fyrir milljónum hrogna í tíu stiga gaddi

Einn umfangsmesti gröftur hrogna Norður-Atlantshafslaxins sem um getur fór fram nýverið í Selá. Veiðiklúbburinn Strengur gróf milljónir hrogna í tíu stiga gaddi undir handleiðslu Hafrannsóknastofnunar.

NORÐURLAND Einn umfangsmesti gröftur hrogna Norður-Atlantshafslaxins sem um getur á Norðausturlandi fór fram nýverið í Selá. Veiðiklúbburinn Strengur stóð að greftrinum undir handleiðslu Hafrannsóknastofnunar. Grafið var á verndarsvæði laxa á Norðausturlandi í 10 stiga gaddi frá seinni hluta október og fram í nóvember.

Fram kemur á vef Strengs að um sé að ræða árvissan gröft um milljón hrogna fiska úr ánum sem verndaráætlunin nær til í efri lögum ána þar sem fiskurinn hefur ekki getað gengið áður. Verkefnið miðar að því að fjölga uppvaxtar- og fæðuöflunarsvæðum til þess að ýta undir vöxt og auka afkomulíkur fiskanna á fyrri hluta lífsferilsins.

Áætlun um útvíkkun hrygningar- og uppvaxtarsvæða með byggingu nýrra laxastiga miðar einnig áfram og er hluti af langtímaáætlun um stuðning við villta laxastofna á Íslandi. Þau verkefni eru fjármögnuð af breska aukkýfingnum sir Jim Ratcliffe og Streng. Í Miðfjarðará var á síðasta ári lokið við stiga og hann opnaður. Þar hefur laxinn þegar hafið göngu upp í efri svæði árinna, sem bæta við um 4,5 kílómetrum af búsvæði fyrir ungfiskinn.

„Hópar frá Hafrannsóknastofnun og okkur í Selá hafa sýnt í verki stuðning sinn við vernd laxins, með því að vinna að því í tíu stiga gaddi að koma af stað verkefni sem vaxa á í að grafin verði um ein milljón hrogna á ári hverju. Verkefnið er mikilvægur liður í að víkka út hrygningarsvæði Atlantshafslaxins á Norðausturlandi, og um leið hluti af viðtækara verndarstarfi á



Þeir Helgi Þorsteinsson, Guðni Guðbergsson, Ingi Rúnar Jónsson og Gísli Ásgeirsson við hrogagröftinni gaddinum. **MYND AÐSEND/STRENGUR**



Gísli Ásgeirsson framkvæmdastjóri Strengs

svæðinu,“ segir Gísli Ásgeirsson, framkvæmdastjóri Strengs.

„Með nánú samstarfi við bændur og sveitarfélög svæðisins getum við saman komið á sjálfbæru og umhverfisvænu verndarstarfi, sem eflir bæði náttúrufar og nærsamfélag, um leið og tryggður er siss svæðisins sem heimsklassaáfangastaðar í tengslum við stangveiði.“

Að þessu sinni voru grafin

hrogn á völdum stöðum í Kverká, Hvammsá, Miðfjarðará, Vesturdalsá og Selá, auk þess sem tekin voru erfða- og hreistursýni af foreldrafiskum, en þeim var sleppt að lokinni kreistingu. Næsta sumar verða svæðin svo heimsótt aftur og árangur metinn eftir að hrognin klekjast.

Auk beinnar fjárfestingar Ratcliffes er öllum ágóða af starfsemi Strengs beint aftur í Verndarsvæði laxa á Norðausturlandi. Í verndarstarfinu verður haldið áfram að styðja við árnar og óspillt umhverfi þeirra, efla og auka búsvæði laxins, og starfi með bændum og nærsamfélaginu við vernd svæðisins.

arib@frettabladid.is

TUDOR Start/stop

AGM þurrir og EFB sýru rafgeymar fyrir bíla með start/stop búnaði



Mælum • Skiptum • Traust og fagleg þjónusta

SKORRI
TUDOR SÉRFRÆÐINGAR Í RAFGEYMUM TUDOR

Skorri ehf • Bildshöfði 12 • 110 Rvk • 577-1515 • www.skorri.is



TOYOTA

ALWAYS A
BETTER WAY



Einfalt reikningsdæmi: 3+4 = 7 ára ábyrgð

Toyota á Íslandi býður sjö ára ábyrgð með öllum nýjum bílum. Frá stofnun hefur Toyota vandað sig við að rækta sambandið við viðskiptavinum með öflugri þjónustu. Með sjö ára ábyrgð Toyota leggjum við grunninn að enn betra langtímasambandi.

Kynntu þér 7 ára ábyrgð Toyota nánar á toyota.is




Toyota Kaupúni
Kaupúni 6

Toyota Akureyri
Baldursnesi 1

Toyota Reykjanesbæ
Njarðarbraut 19

Toyota Selfossi
Fossnesi 14

Fyrirvari við 7 ára ábyrgð: Ökutækinu skal viðhaldið samkvæmt vörulýsingu og leiðbeiningum framleiðandans og ber eigandi kostnaðinn við slíkt viðhald. Sé það ekki gert getur það valdið ógildingu ábyrgðar varðandi hluti sem þarfnast viðhalds.



FRÉTTABLAÐID.IS

1 Mikill eldur í íbúðarhúsi á Akureyri Erfiðlega gekk að ráða niðulögum elds í húsi við Norðurgötu á Akureyri

2 Vara við þjófóttum hótélgestum á Norðurlandi Ferðapjónustufólk hefur verið varað við tveimur mönnum sem bóka gistingu undir nafninu Julia Hurley.

3 Systir mín á það besta skilið 1.578 manns hafa látið lífið í umferðinni frá því fyrsta banaslysið var skráð á Íslandi.

4 Gul viðvörðun á Suðurlandi næstu daga Veðurstofan hefur gefið út gula viðvörðun á Suðurlandi vegna hvassviðris eða storms á svæðinu á mánudag og þriðjudag.

5 Hífður burtu fyrir að leggja í hleðslustæði Sífellt algengara er að eigendur bíla með brunahreyfil leggi í hleðslustæði fyrir rafbíla.

Allar nýjustu fréttir og blað dagsins eru fáanleg á www.frettabladid.is

Nokkru minni afli í október

SJÁVARÚTVEGUR Íslensk fiskiskip færðu á land um fimmtungi minni afli í október síðastliðnum en í sama mánuði í fyrra. Þetta kemur fram á vef Hagstofunnar. Samtals var aflinn tæp 92 þúsund tonn og var uppsjávarafli þar af ríflega 50 þúsund tonn eða 22 prósentum minni en í október 2018.

Á föstu verðlagi í október 2019 er aflinn nærri fjórðungi minni en í október 2018. –jp

LEIÐRÉTTING

Greint var frá því í blaðinu á föstudaginn að söngleikurinn Evita sem sýndur var í Hörpu um helgina sé fyrsta uppsetning söngleiksins hér á landi. Það er ekki rétt. Evita var sett upp í Sjallanum á Akureyri árið 1993.

Minnihlutinn vill kosningu um gróðurhvelvingarnar

Minnihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur leggur til að farið verði í íbúakosningu um gróðurhvelvingar sem reisa á við Elliðaárdalinn. Oddviti Pírata segir tillöguna ódýrt áróðurstrikk af hálfu minnihlutans og misnotkun á hugmyndum um íbúalýðræði. Að auki standist tillagan ekki formkröfur slíkra mála.

REYKJAVÍK Minnihlutinn í borgarstjórn Reykjavíkur vill að farið verði í íbúakosningu um deiliskipulag í útjaðri Elliðaárdalsins þar sem til stendur að reisa gróðurhvelvingar ALDIN Biodome.

Fram kemur í tillögu Sjálfstæðisflokksins, Miðflokksins, Sósíalístaflakks Íslands og Flokks fólksins, sem lögð verður fram á borgarstjórnarfundum á morgun, að atkvæðagreiðslan verði rafræn fyrir alla íbúa Reykjavíkur. Á sama fundi verður tekin fyrir umsögn skipulagsfulltrúa um deiliskipulagið sem samþykkt var á síðasta borgarráðsfundi.

Um er að ræða 4.500 fermetra niðurgrafnar gróðurhvelvingar þar sem verður fjölbreytt vistkerfi sem býður upp á nærandi upplifun, ræktunar- og verslunarrými, græna vinnuádstöðu, aðstöðu fyrir jóga og fleira. Verkefnið kemur til með að kosta um 4,5 milljarða.

„Það var ekkert um það í stefnuskrá flokkanna sem buðu sig fram í síðustu kosningum að farið yrði í uppbyggingu á þessum stað. Þetta er þverpólitískt deilumál. Þarna er verið að ganga á grænu svæðin í borginni og við teljum að það eigi ekki að gera það nema spyrja íbúana fyrst,“ segir Eyþór Arnalds, oddviti Sjálfstæðisflokksins. „Við heyrum að það er fólk í ólíkum flokkum sem vill passa upp á grænu svæðin í borginni og Elliðaárdalurinn er það svæði sem er hvað minnst raskað og er hvað náttúrulegast.“

Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalísta, tekur í sama streng. „Það er talað um að þetta eigi að vera græn uppbygging. Þarna er grænt svæði fyrir þannig að ég skil ekki hvers vegna það þurfi að heimila uppbyggingu á atvinnustarfsemi í svona fallegri náttúruveru,“ segir Sanna. „Það er talað um að þetta eigi að vera í útjaðri Elliðaárdalsins, en þegar ég skoða myndir af þessu þá er þetta í Elliðaárdalnum í mínum huga.“

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata, er á öðru máli. „Ég hef byggt mína pólitík á því að almenningur geti komið sínum skoðunum á framfæri og er alltaf til í að skoða svona möguleika. Mér er hins vegar annað um að fara eftir kröfum sem raunverulega koma frá



Unnið hefur verið að undirbúningi þess að reisa gróðurhvelvingar við Stekkjarbakka. FRÉTTABLAÐID/VALLI

Ég nenni ekki að eltast við svona ódýr áróðurstrikk.

Dóra Björt Guðjónsdóttir, oddviti Pírata



kjösendum og íbúum,“ segir Dóra Björt.

„Ég er orðin þreytt á því að minnihlutinn, þá sérstaklega Sjálfstæðisflokkurinn, sé að draga fram og misnota hugmyndir um íbúalýðræði þegar þeir vilja ekki einu sinni hlusta á niðurstöðu þjóðaratkvæðagreiðslu um nýja stjórnarskrá. Að draga fram svona hálfkákstillögur um íbúakosningu þegar það hentar þeim.“

Borgarfulltrúar Sjálfstæðisflokksins hafa lagst harðlega gegn

uppbyggingunni. „Ég er viss um það að kjösendur meirihlutaflakanna, Vinstri grænna, Viðreisnar, Pírata og Samfylkingarinnar, séu margir hverjir sammála okkur um að láta þetta svæði í friði,“ segir Eyþór. „Það er undarlegt að farið sé að úthluta borgarlandi með þessum hætti án þess að það sé auglýst. Það eru margir gallar í þessu, þarna er verið að afhenda gæði borgarinnar án auglýsingar. Síðan liggur ekki fyrir hvernig á að fjármagna þetta eða hvernig rekstur þarna á að ganga upp, þannig að það getur eitthvað allt annað endað þarna.“

Kolbrún Baldursdóttir, oddviti Flokks fólksins, segir miklar tilfinningar tengdar Elliðaárdalnum. „Það er aldrei farselt að fara í svona verkefni nema með samþykki íbúa,“ segir Kolbrún. „Ég man eftir því þegar ég var í hópnunum Betra Breiðholt, þá kom upp umræða um

Þarna er grænt svæði fyrir þannig að ég skil ekki hvers vegna það þurfi að heimila uppbyggingu á atvinnustarfsemi í svona fallegri náttúruveru.

Sanna Magdalena Mörtudóttir, oddviti Sósíalístaflakks Íslands



á hafa slökkviliðið á þessum stað. Þá voru mjög harkaleg viðbrögð.“

Dóra Björt segir tillöguna ekki standast formkröfur. „Þau eru svo mikið að drífa sig í að koma innihaldinu í einhverjar Facebook-færslur. Ég nenni ekki að eltast við svona ódýr áróðurstrikk.“ arib@frettabladid.is

fiatprofessional.is

FIAT ATVINNUBÍLAR



FIAT DUCATO

Verð frá 4.024.194 án vsk.
4.990.000 m/vsk.



FIAT DOBLO

Verð frá 2.225.806 án vsk.
2.760.000 m/vsk.



FIAT FIORINO

Verð frá 1.854.032 án vsk.
2.299.000 m/vsk.



FIAT DOBLO XL

Verð frá 2.895.161 án vsk.
3.590.000 m/vsk.

ISBAND

UMBOÐSADILI FIAT Á ÍSLANDI • ÍSLENSK-BANDARÍSKA • ÞVERHOLT 6 • 270 MOSFELLSBÆR • S. 534 4433
WWW.FIATPROFESSIONAL.IS • WWW.ISBAND.IS • ISBAND@ISBAND.IS • OPIÐ VIRKA DAGA 10-18 • LAUGARDAGA 12-16

**5ÁRA
ÁBYRGD**



Brendenburg | SIA

1590 kr.

DORMA
Láttu drauminn rætast

SMÁRATORG | HOLTAGARÐAR
AKUREYRI | ÍSAFJÖRDUR

Fyrir þínar
bestu stundir

CHOICE
sófar

Falleg sófalína frá Scapa. Úr þremur tónum af gráu Malbec áklæði. Nokkrar gerðir fánlegar.

CHOICE
u-sófi

Grátt eða ljósgrátt Malbec áklæði.
Stærð: 304 x 210/159 cm
Fullt verð: 249.900 kr.

Aðeins **187.425 kr.**

25%
AFSLÁTTUR

SCAPA

CHOICE
3ja sæta sófi

3ja sæta sófi.
Grátt eða ljósgrátt
Malbec áklæði
Fullt verð: 124.900 kr.

Aðeins **93.675 kr.**

25%
AFSLÁTTUR

SCAPA

CHOICE
hornsófi

2,5H2 hornsófi.
Dökkgrátt eða -grátt
Malbec áklæði
Fullt verð: 249.900 kr.

Aðeins **187.425 kr.**

25%
AFSLÁTTUR

SCAPA

**SB - DÚNSÆNG
OG -KODDI**

Sæng 135 x 200 cm. 85% smáfiður
og 15% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 12.900 kr

Koddi 50 x 70 cm. 70% smáfiður
og 30% hvítur andadúnn. 100% bómullarver.

Fullt verð: 6.900 kr

Sæng **9.900 kr.** Koddi **4.900 kr.**

**JÓLA-
TILBOÐ**

SCANDINAVIAN
BEDDING

Fyrir þínar
bestu stundir

www.dorma.is

VEFVERSLUN
**ALLTAF
OPIN**

Þú finnur jólabækling Dorma á www.dorma.is

AFGREIÐSLUTIMI RVK
Mán. til fös. kl. 11-18.30
Laugardaga kl. 11-17
Sunnudaga kl. 13-17 (Smáratorg)

Holtagörðum, Reykjavík
Smáratorgi, Kópavogi
Dalsbraut 1, Akureyri
Skeiði 1, Ísafirði

DORMA
Láttu drauminn rætast



Ásmundur Friðriksson lagði fram fyrirspurn til ráðherra um málefni þvágleggjanotenda. FRÉTTABLAÐIÐ/VILHELM

Spöruðu 20 prósent eftir útboð á þvágleggjum

Útgjöld Sjúkratrygginga vegna niðurgreiddra þvágleggja til nær fimm hundruð notenda hafa lækkað um fimmtung eftir útboð. Heilbrigðisráðherra segir samráð við notendur leggjana koma til greina við útboð í framtíðinni.

HEILBRIGÐISMÁL „Hjálpartækjamiðstöðin mun taka til skoðunar hvort ástæða sé til að kalla sérstaklega eftir sjónarmiðum notenda með beinum hætti í framtíðinni,“ segir í svari Svandísar Svavarsdóttur heilbrigðisráðherra við fyrirspurn þingmannsins Ásmundar Friðrikssonar varðandi þvágleggi.

Málefni þvágleggjanotenda voru í sviðsljósinu í kjölfar viðtals Fréttablaðsins við Sigurð Halldór Jesson á Selfossi sem notar þváglegg en hefur ekki fengið þá tegund sem honum hentar best síðan í fyrra eftir útboð hjá Sjúkratryggingum Íslands. Sagðist hann nú þurfa að nota mun óþægilegri þvágleggi og að það skerti lífsgæði hans. „Þeir koma bara af fjöllum að það sé einhver að kvarta,“ sagði Sigurður í Fréttablaðinu 3. október síðastliðinn.

Í yfirlýsingu í desember í fyrra sögðu Landspítalinn og Sjúkratryggingar Íslands að ekki hefði borist gilt tilboð í umrædda leggi. Þar með væri ekki heimilt að kaupa þá.

Tölf dögum eftir áður nefnda umfjöllun Fréttablaðsins lagði Ásmundur Friðriksson, alþingismaður Sjálfstæðisflokks, fram fyrirspurn á Alþingi í nokkrum liðum. Spurði þingmaðurinn meðal

Aftur er minnt á að í nágildandi samningum standa notendum til boða nýjustu gerðir af þvágleggjum frá nokkrum framleiðendum.

Svandís Svavarsdóttir heilbrigðisráðherra



annars um það hversu margir hefðu leyfi fyrir notkun þvágleggja og hversu margir hafi notað leggi af nýjustu gerð áður en þeir voru teknir af lista Sjúkratrygginga Íslands.

Heilbrigðisráðherra segir í svari sínu að Hjálpartækjamiðstöð hafi samþykkt að niðurgreiða einnota þvágleggi fyrir 481 einstakling. „Þar sem ekki kemur fram í seinni hluta spurningarinnar hvaða tegundar og seljanda vísað er til er ekki mögulegt að svara þeim hluta spurningarinnar,“ segir síðan.

Ásmundur spurði líka hvort notendur hefðu verið hafðir með í ráðum er ákveðið var hvaða úrval af þvágleggjum þyrfti að vera í boði. Í svari ráðherrans segir að

sérhæft fagfólk á göngudeild þvágfæra á Landspítala hafi veitt ráðgjöf í útboðinu.

„Telja forsvarsmenn hjálpartækjamiðstöðvar að þar sem viðkomandi fagfólk þekkir mjög vel vanda notenda þvágleggja sé þetta góð leið til að velja í samræmi við þarfir og væntingar þeirra,“ segir í svarinu. Sem fyrr segir kveður ráðherrann nú til skoðunar hvort kalla eigi beint eftir sjónarmiðum notenda í framtíðinni.

Þingmaðurinn spyr sérstaklega að því hversu mikið hafi sparast með því að bjóða ekki lengur upp á þvágleggi af nýjustu gerð. Ráðherrann segir útgjöld vegna þvágleggja hafa lækkað um 20 prósent frá fyrri samningum. Samkvæmt upplýsingum frá hjálpartækjamiðstöð Sjúkratrygginga ráðist lækkunin af breytingum á vöruúrvali, magni, gengi, innkaupalandi og tilboðsverðum. „Aftur er minnt á að í nágildandi samningum standa notendum til boða nýjustu gerðir af þvágleggjum frá nokkrum framleiðendum.“

Þegar rætt var við Sigurð í október hafði hann stofnað Facebooksíðu fyrir þvágleggjanotendur. Þá voru niú í hópnunum en í dag eru þeir riflega sexfalt fleiri eða 56. gar@frettabladid.is

Enn flæðir vatn um allt í Feneyjum

LOFTSLAGSMÁL Í þriðja sinn á einni viku flæðir í Feneyjum. Slikur er elgurinn að búist var við því í gær að vatnsborð myndi hækka um meira en einn og hálfan metra og færa yfirborð hins kunna Markúsartorgs í kaf. Borgarstjóri Feneyja, Luigi Brugnaro, fyrirskipaði á föstudag að toginu skyldi lokað fyrir allri umferð, en þar er annars aðeins leyfð umferð gangandi og hjólandi fólks. Torgið var hins vegar opnað á ný á laugardag, en í gær stefndi í að því yrði lokað aftur tímabundið, þar til flóðið sjatnar. Það eykur enn á skemmdir af völdum flóðanna að um er að ræða saltan sjó sem flæðir upp úr sikjum borgarinnar.

Flóðin eru sögð vera þau mestu í borginni frá því skipulegar mælingar hófust árið 1872. Flóðin eru ekki aðeins bundin við Feneyjar því viðvaranir voru gefnar út í ítölsku borgunum Flórens og Písa. Þeim borgum er þó ekki eins hætt við flóðum og Feneyjum.

Hundruð sjálfboðaliða hafa verið við störf í Feneyjum vegna flóðanna við að aðstoða íbúa



Vaða þarf vatnselg í Feneyjum í flóðum undanfarið. NORDICPHOTOS/GETTY

borgarinnar. Þar eru mörg af kunnustu menningarverðmætum heims og er borgin á heimsmínjaskrá UNESCO, Menningarmálastofnunar Sameinuðu þjóðanna. Áætlað er að tjon af völdum flóðanna undanfarið nemi meira en einum milljarði Bandaríkjadala eða sem samsvarar yfir hundrað

og tuttugu milljörðum íslenskra króna.

Breska fréttablaðið Guardian greindi frá því á föstudag að héraðsstjórnin í Feneyjum hefði fellt tillögu um að sporna við loftslagsbreytingum aðeins örfáum andartökum áður en flæddi inn á skrifstofur hennar. -jþ

+PLÚS



Með hugann hjá aðstandendum

Árleg minningarathöfn um fórnarlömb umferðarslysa var haldin við bráðamóttökuna í Fossvogi í gær. Að þessu sinni var áherslan á erfiðar aðstæður aðstandenda í kjölfar umferðarslysa.



SÍÐASTI SÉNS

RISA

TAX

FREE

DAGAR

14.-18. nóvember

**Taxfree* af öllum fatnaði,
öllum skóm, öllum leikföngum,
öllum heimilisvörum, öllum **F&F** fatnaði
og öllum snyrtivörum.**

*Taxfree jafngildir 19,36% afslætti.

HAGKAUP

Hnípin þjóð í vanda



Jón Þórisson
jon@frettabladid.is

Haustið 1995 ákvað ríkisstjórn Íslands, að fæðingardagur Jónasar Hallgrímssonar, 16. nóvember, yrði dagur íslenskrar tungu ár hvert. Sá dagur var í fyrradag og árlega hafa stjórnvöld á þessum degi beitt sér fyrir sérstöku átaki í þágu íslensks máls og helgað þennan dag rækt við það. Með því móti hefur athygli þjóðarinnar verið beint að stöðu tungunnar, gildi hennar fyrir þjóðarvitund og alla menningu. Það er þarft og lofsvert því það er gömul saga og ný að tungumál okkar á í vök að verjast.

Eftir Jónas liggja magnaðar perlor, hvort tveggja að innihaldi en ekki síður orðfæri. Ein þeirra er Gunnarshólmi sem birtist fyrst í ritinu Fjölmi árið 1838.

Viðfangsefni skáldsins er samnefndur hólmi þar sem Gunnar sneri aftur. Ljóðið hefur lifað með þjóðinni síðan og er víða í nokkru eftirlæti.

Í niðurlagi þess segir Jónas:

*dauft er í sveitum, hnípin þjóð í vanda;
en lágum hlífir hulinn verndarkraftur
hólmanum, þar sem Gunnar sneri aftur.*

Ósennilegt er að Jónas hafi þá áttað sig á hversu fleyg orð hans yrðu og við hversu fjölbreyttar aðstæður þau yrðu viðhöfð. Þær aðstæður eru uppi nú. Enn og aftur erum við Íslendingar hnípin þjóð í vanda. Viðbrögð okkar við tíðindum liðinnar viku hafa verið með ýmsu móti. Reiði, gremja og heift hefur líklega verið mest áberandi. En margir hafa kosið að sitja hjá í opinberri umræðu og hugsað sitt.

Við stjórnun fyrirtækja eru víða til mótaðir ferlar sem grípa má til þegar krísa steðjar að sem ógnar orðspori. Í fréttamáli liðinnar viku er orðspor undir. Ekki bara þess fyrirtækis sem í hlut á, heldur heillar atvinnugreinar sem veitir þúsundum manna atvinnu og aukinheldur orðspor þjóðar sem lagt hefur stórfé og strit í þróunaraðstoð á fjarlægum slóðum.

Ekki er að sjá að aðferðum krísustjórnunar hafi verið beitt af stjórnvöldum vegna þeirrar ógnar sem steðjar að íslensku orðspori. En hafa þarf í huga í því sambandi að stutt er um liðið síðan málið kom upp og mjög margt er óljóst í þeim efnun.

Það ætti samt ekki að hindra að þegar verði hafinn undirbúningur að því að vernda og tryggja traust. Ein þeirra spurninga sem svara þarf út á við í þessu skyni er: getur þetta komið fyrir aftur? Vonandi er svarið við því neikvætt. Og sé svo getum við fundið okkar Gunnarshólma.

Hólmann þar sem Gunnar sneri aftur.



Það ætti samt ekki að hindra að þegar verði hafinn undirbúningur að því að vernda og tryggja traust.

Halldór



Frá degi til dags

PR-slys bikarinn
Bikarinn fyrir PR-slys ársins fer líklega til Kristjáns Þórs Júlíussonar sjávarútvegsráðherra, sem sagði þjóðinni í vikunni að ef einhver álitamál kæmu inn á borð hans sem ráðherra varðandi Samherja, myndi hann víkja vegna tengsla við eigendur félagsins og sem fyrrverandi stjórnarformaður. Okei, hugsaði þjóðin. Tveimur dögum síðar var hann mættur sem ráðherra norður á Dalvík í parti hjá vinum sínum í Samherja.

Biðinni er lokið
Í gær kom svo loks það sem áhorfendur höfðu beðið eftir: Skoðun Hannesar Hólmsteins á Samherjamálinu. Ólíkt mörgum öðrum málum vildi hann segja sem minnst, annað en að hatur sé ógeðfellt. Gengið var á Hannes á samfélagsmiðlum en hann var fljótur að grípa til sögulegra varna. Benti hann á að Íslendingar hefðu mýtað Spánverjum fyrir stríð til að kaupa saltfisk og Nígíerímönnum til að kaupa skreið. Þessu nánast ótengt, í gær fór í loftið ný vefsíða samsæris-kenningasmiðsins Axels Péturs Axelssonar, hox.is. Fyrsta „fréttin“ er um möguleg áhrif George Soros á fréttir um Samherja. Magnað hvað hægt er að hafa miklar skoðanir á málinu án þess að opna Stundina. arib@frettabladid.is

Byltingin sem enginn lofaði



Pawel Bartoszek
borgarfulltrúi
Viðreisnar

Skyndilega eru komin þrjú örflædisfyrirtæki til Reykjavíkur. Eitt sem leigir hjól, Donkey Republic, og tvö sem leigja út rafskútur: Hopp og Zolo. Fleiri eru væntanleg. Auðvelt er að sjá að tækin eru vinsæl og mikið notuð. Það er gott, það þýðir að þeim á eftir að fjölga. Við fáum vonandi tæki fyrir fjölbreytta aldurshópa og fyrir fólk með ólíka hreyfigetu.

Lítill rafknúinn farartæki eru framtíðin. Sumir munu vilja eiga þau. Sumir munu vilja taka þau á leigu. Sumir munu nota þau til daglegra ferða, aðrir grípa í þau til að hafa gaman. Sumar gerðir munu vonandi geta gagnast fólki sem á erfitt með að ganga lengri vegalengdir og tryggja þannig enn betra aðgengi að miðborginni eftir því sem göngusvæðum þar fjölga.

Það lofaði þessu enginn beinlínis. Enginn flokkur sem ég man sendi fulltrúa í sjónvarpssal sem lofaði að fylla gangstéttir af rafhlaupahjólum og öðru eins. En þetta er samt að gerast. Á meðan biða margir óþreyjufullir eftir snjallbilunum og vilja meira að segja þegar byrja að aðlaga borgina að þeirri tækni, þótt hún sé eiginlega ekki komin á markað af neinu viti.

Það er nefnilega oft þannig að markaðurinn finnur upp á mörgum sniðugum hlutum sem okkur pólitíkusa dreymdi ekki einu sinni um. Við í Viðreisn höfum þó tekið þessari örflæðistækni fagnandi. Við munum vinna að því að hún fái að þróast í Reykjavík. Við munum ekki hindra nýja aðila inn á markaðinn. Við munum reyna að forðast múra milli sveitarfélaga þegar kemur að notkun tækjanna. Við munum ekki banna þessi tæki eða drekkja þeim í óþarfa gjöldum ef þau reynast vinsæl. Samkeppnin á eftir að gera góða hluti. Það finnst okkur í Viðreisn spennandi.



Við munum ekki banna þessi tæki eða drekkja þeim óþarfa gjöldum ef þau reynast vinsæl. Samkeppnin á eftir að gera góða hluti.



Múrara / Flísarar

Kynning á vörum frá WINKLER

Sérfræðingur frá Winkler verður á staðnum

Þriðjudaginn 19. nóvember milli kl. 13 og 17

Miðvikudaginn 20. nóvember milli kl. 13 og 17

Léttar veitingar í boði

Samherji og við

Í DAG



Guðmundur Steingrímsson

Í landsliðsleikjum vikunnar í fótbolta hafa margsinnis komið upp þær aðstæður á vellinum að leikmaður hafi leitað að samherja til að senda boltann til. Setningin „hann leitar að samherja“ hefur itrekað fallið úr munni lýsanda. Í ljósi annarra tíðinda í síðustu viku gat ég ekki annað en glott að þeirri nýju merkingu sem þessi látlaus knattspyrnulýsing hefur fengið. Sú heimsmynd hefur opinberast okkur nokkuð skýrt, að út um allan heim eru spilltir stjórnmálamenn að leita sér að samherja.

Að leita sér að samherja merkir að skima eftir einhverjum nógu ríki, gráðugum og síðlausum til þess að bera á sig fé. Líkur sækir líkan heim. Spilltur finnur spilltan. Ætli sé ekki til einhvers konar Tinder fyrir svona leit? Sjávarútvegsráðherra í Afríku og útgerðarmaður á Íslandi. Báðir svæpa til hægri. Allir græða.

Lögmálið

Eða einmitt ekki. Í raun og veru græðir enginn nema nokkrir. Fólk sem er alltaf að græða. Mikið rosa-lega er það einhvernveginn alltaf að verða skýrara og skýrara hverslags skaðræði slíkt fólk getur verið. Sjáði til. Allflestir lifa og hræst í þeim veruleika að fjárhagslegir sigrar skilgreinast af því að innistæða sé fyrir hendi um mánaðamót til að borga reikningana. Geti maður það, þá er maður nokkuð rólegur. Geti maður það ekki er andað í bréfpoka. Á þessum grunni hafa æði margir náð

að lifa giska hamingjuríku lífi. Hægt er að finna gleði og velferð í svo ótal mörgu í veröldinni sem kostar ekki mikið og stundum ekki neitt. Hægt er að tileinka sér nægjusemi og nýtni og samt vera gláður. Hægt er að gera mikið fyrir lítið.

En svo eru það sem sagt þessar týpur. Svona forstjórar. Með eigin metnar á skrilljón trilljónir. Og mikið ægilega væri veröldin miklu betri ef það skyldi í alvöru vera þannig að fólk sem er komið með slíkt ríkiðæmi í hendurnar myndi á einhverjum tímamarki hugsa að komið væri nóg af auði hvað það sjálft varðaði. Nú mætti orkan, peningurinn, athyglin fara í það að bæta heiminn. Gera gott. Bjarga málum.

En nei. Það er nánast lögmál hvað varðar manneskjur að verði hún rík, linnir hún ekki látum fyrr en hún verður ríki. Mikið vill alltaf meira.

Áróðurinn

Einkum þetta fer í taugarnar á mér: Nú vegur mannkynið salt á barmi tortímingar. Á okkur dynur krafan á hverjum degi um að „við“ verðum að gera eitthvað. Venjulegt fólk á dagvinnutaxta rýkur til og sýnir samfélagslega ábyrgð. Rusl er flokkað. Skipt yfir í rafmagnsbíl. Flugferðir kolefnisjafnaðar. Kjötát minnkað. Á sama tíma má lesa, ef grafið er djúpt, áætlanir hinna ríku. Þar virðist enginn vandi fyrir hendi. Meira skal framleitt af olíu. Neyslan skal aukin. Græða skal fé fram í rauðan dauðann. Fræðimenn eru meira að segja farnir



Á okkur dynur krafan á hverjum degi um að „við“ verðum að gera eitthvað. Venjulegt fólk á dagvinnutaxta ríkur til og sýnir samfélagslega ábyrgð. Rusl er flokkað. Skipt yfir í rafmagnsbíl. Flugferðir kolefnisjafnaðar. Kjötát minnkað. Á sama tíma má lesa, ef grafið er djúpt, áætlanir hinna ríku. Þar virðist enginn vandi fyrir hendi.

að benda á, að þessi mikla áherslu á að „við“, neytendur, eigum að gera eitthvað sé lítið annað en útsmoginn áróður runninn undan rifjum þeirra sem eiga allt og öllu ráða. Ef áherslan er sífellt á það að óskilgreindur massi breyti hegðun sinni — sem gerist ef til vill á löngum tíma — þurfa hinir ríku ekki mikið að flýta sér við að breyta því sem skiptir þá öllu máli. Ef ríkustu fyrirtæki heimsins yrðu umhverfislega ábyrg á morgun og hættu að selja vörur sem eru að gjöreyða lífsgrundvelli jarðarbúa yrði málið leyst.

En þá kemur til kasta lögmálsins. Græðgin ræður.

Vitfirring

Svona er þetta á öllum sviðum. Venjulegu fólk er uppálagt að vera kurteist og venjulegum körlum að umgangast kvenfólk af virðingu. Svoleiðis meðal-mennska flækist ekki fyrir milljarðamæringum í valdastöðum, eins og Trump fyrir vestan. Hann finnur nýja botna í mannlegum samskiptum í viku hverri og uppsker fylgi. Venjulegu fólk er uppálagt að hafa síðferðiskennd. Að múta ekki. Svoleiðis húmbúkk flækist ekki fyrir milljarðamæringi á Íslandi. Mútað er hægri vinstri. Allt ber að sama brunni. Orðræðan um að „við“ verðum að gera eitthvað, þessar fögru og mikilvægu samfélagslegu byltingar sem manni virðist vera að eiga sér stað, þær ná ekki uppí toppana. Þeir dansa ekki með. Hófsemi, síðferðiskennd, réttlætiskennd, skynsemi, fyrirhyggja og góðvild á ekki við í hæstu lögum mannlífsins. Græðgi og eiginhagsmunasemi hinna ofurríku er á góðri leið með að kippa lífsgrundvöllinum undan mannkyninu. Við erum föst í vitfirringu þeirra og skammsýni. Til er orð yfir slíkt ástand á ensku, sem kannski hentar ekki opinberu íslensku prentmáli en má staðfæra og þýða ljómandi vel yfir í okkar veruleika: Klausturfökk.

Punglyndislegt er það vissulega. Eina leiðin til að bjarga mannkyninu frá glötun virðist vera sú að þessir menn sjái að þeir geti mögulega grætt á því. Svo ég orði það öðruvísi: Ef þeir græða ekki á því, má mannkynið þeirra vegna deyta út.

Subaru Forester

Gerður til að kanna

ætlaður til að ferðast



SUBARU

Confidence in Motion



94% ökumanna finnst þeir öruggari með EyeSight tækni

Þú fyllist hugarró þegar þú veist að bíllinn þinn skerast í leik og aðstoðar þig við að koma í veg fyrir árekstur. Hann gerir þér einnig kleift að leggja áreynslulaust í þröngt stæði með aðstoð myndavélar sem sýnir nálægð við gangstéttarbrún. EyeSight er staðalbúnaður í öllum Subaru Forester.

www.subaru.is

Komdu til okkar og reynsluaktu nýjum Subaru Forester

Bílasalan Bílás
Akranesi
www.bilas.is
431 2622

Bílasala Akureyrar
Akureyri
www.bilak.is
461 2533

Bílaverkstæði Austurlands
Egilsstöðum
www.bva.is
470 5070

IB ehf.
Selfossi
www.ib.is
480 8080

BL söluumboð
Vestmannaeyjum
481 1313
862 2516

BL ehf
Sævarhöfða 2 / 110 Reykjavík
525 8000 / www.bl.is



STERKAR



Ísland er í fararbroddi þegar kemur að kynjajafnrétti í veröldinni. Við njótum krafta öflugra kvenna í fjölbreyttum störfum og leiðtogahlutverkum á öllum sviðum og hjól atvinnulífsins snúast í vaxandi mæli fyrir þeirra tilstilli. Stefnan er að ná enn meiri árangri í að jafna tækifærin.

Á ráðstefnunni **Reykjavík Global Forum - Women Leaders**, sem haldin er í Reykjavík 18.-20. nóvember koma saman konur í alþjóðlegum ábyrgðar- og áhrifastöðum um allan heim og ræða hvernig best verði unnið að jafnrétti í samfélögum heimsins.

Við erum stolt af því að vera í hópi bakhjarla ráðstefnunnar. Hún gefur ómetanlegt tækifæri til að miðla af góðri reynslu Íslands sem forystulands í jafnréttismálum.



RI SAMAN



Deloitte.

Icelandair Hotels



Santi Cazorla kominn aftur á toppinn

Litli töframaðurinn Santi Cazorla skoraði eitt marka Spánar sem vann stórsigur á Möltu 7-0 um helgina. Cazorla var alls 636 daga frá vegna meiðsla sem virtust sárasaklaus í upphafi en snerust svo upp í baráttu um að halda fætinum.

Áður en lengra er farið skal taka fram að landsleik Íslands og Moldóvu var ekki lokið þegar Fréttablaðið fór í prentun og því verður ekki fjallað um hann á þessari síðu. Þess í stað verður sjónum beint að falletti sögu frá Spáni.

Síðasta snering Santi Cazorla fyrir Arsenal var rosalet 30 metra sending inn fyrir vörn Ludogorets á Mesut Özil sem skoraði í auðveldum sigri þann 19. október 2016. Skömmu síðar haltraði hann út af, aumur í hásininni. Hann spilaði aldrei aftur fyrir félagið. Þetta virtust ekki alvarleg meiðsli í upphafi en þegar frá leið var óttast að taka þyrfti fótinn af Cazorla.

Alls var litli töframaðurinn frá í 636 daga vegna meiðslanna og sýkingar sem kom í kjölfarið. Samkvæmt frétt BBC át sýkingin átta sentimetra af hásininni og hann fór í ellefu aðgerðir vegna meiðslanna. Arsene Wenger sagði að þetta væru verstu meiðsli sem hann hefði orðið vitni að.

Læknar þurftu að taka skinn af vinstri handlegg Cazorla og græða á ökkklann. Hann er þess vegna með hálf tóttu sítt af handleggnum á ökkklannum. Flestir íþróttáhugamenn hafa einhverja vitneskju um meiðslasögu Cazorla og leið hans aftur á toppinn og er klappað í hvert sinn sem nafn hans er lesið upp þegar hann leikur á útivelli með Villarreal á Spáni. „Þegar ég spila á útivelli og áhorfendur taka svona á móti mér

– það eru verðlaun út af fyrir sig,“ sagði Cazorla í viðtali við breska blaðið Independent þar sem farið var yfir ferilinn og meiðslin.

Þar segist hann ekki finna neitt fyrir hásininni en hann liti öðruvísi á fótboltann. „Ég nýt hans meira. Tek inn stemninguna á völlum, að fá að vakna og fara á æfingu og svo framvegis. Mér líður vel og það er mikilvægast. Að vera í núinu.“

Cazorla átti fyrst að vera frá í þrjú mánuði, svo kom í ljós að tímabilið væri búið og svo heyrðist bara ekkert. Fyrir en árið 2017 að hann fór í viðtal við spænska blaðið Marca þar sem í ljós kom alvarleiki meiðslanna. Í maí 2018 var tilkynnt að Arsenal myndi ekki endurnýja samning sinn við leikmanninn. Hann skoraði 29 mörk í 180 leikjum og var gríðarlega vinsæll meðal stuðningsmanna.

Hann fékk að æfa með unglingsliði Alaves og samdi svo við uppeldisfélag sitt, Villarreal, til eins árs. Flestir voru sammála um að þetta væri falletti gert hjá félaginu og tóku fréttunum ekkert sérstaklega alvarlega. Hann átti að fá greitt eftir leikjafjölda og spænskir miðlar giskuðu á að hann fengi að koma inn á í lokaleiknum – til að kveðja stuðningsmennina.

En Cazorla var á öðru máli. Hann missti aðeins af þrem leikjum og ljóst að tófrarnir voru ennþá í löppunum. Villarreal fór úr fallhættu og í Evrópubaráttu. Á þessu ári hefur hann komið að níu mörkum í 13



HETJA HELGARINNAR

Santi Cazorla

Fæddur árið 1984 og er ótrúlega fjölhæfur leikmaður sem getur spilað nánast allar stöður á miðjunni. Hann sló í gegn sem unglingur hjá Real Oviedo en 19 ára skipti hann yfir til Villarreal. Hann fór til Recreativo Huelva í eitt tímabil þar sem hann var valinn besti spænski leikmaður deildarinnar. Hann sneri aftur til Villarreal ári síðar. Arsenal keypti hann á um 10 milljónir punda. Árið 2014 batt hann enda á níu ára bikaraburrð Arsenal með falletti marki úr aukaspyrnu í úrslitaleik FA-bikarsins. Hann spilaði sinn fyrsta landsleik árið 2008 og var í landsliðinu sem varð Evrópumeistari 2008 og 2012. Hann var ekki valinn í HM 2010 hópinn.

●● Þetta eru verstu meiðsli sem ég hef séð. Þetta byrjaði sem lítill verkur í hásin en varð svo verra og verra. Ég veit hversu mikið Santi Cazorla elskar að spila fótbolta á hverjum degi og ég er mjög leiður yfir því sem kom fyrir hann.
Arsené Wenger
fyrirum knattspyrnustjóri Arsenal.

●● Cazorla var einn af mínum uppáhaldsleikmönnum í ensku úrvalsdeildinni. Ég hafði unun af að horfa á hann spila og þegar hann var ekki með Arsenal virkuðu þeir sem öðruvísi lið. Hann hefur það mikla hæfileika.
Jamie Redknapp
sparkspekingur á Sky

leikjum og á föstudaginn byrjaði hann inn á í landsleik gegn Möltu. Hann sér ekki eftir neinu en langar að spila einu sinni enn á Emirates. „Hjá stóru félagi eins og Arsenal nær maður ekki að meðtaka stærðina fyrr en maður er farinn. Arsenal var stærsta félagið sem ég spilaði með á ferlinum og ég sakna alls sem tengist Arsenal. Ég náði aldrei að segja almennilega

takk og bless en mig langar að gera það við stuðningsmennina. Áður en skórnir fara upp í hillu langar mig að spila einu sinni enn á Emirates,“ sagði hann við Independent. Hver veit nema að það gerist. Arsenal myndi allavega taka honum opnum örmum eins og flestir aðrir trúlega líka – þó hann sé kominn með smá grátt í vanga.
benediktboas@frettabladid.is

Gildi – lífeyrissjóður Sjóðfélaga- og fulltrúaráðsfundur

Grand Hótel Reykjavík, miðvikudaginn 20. nóvember kl. 17.00

Dagskrá:

- Staða og starfsemi Gildis
Árni Guðmundsson, framkvæmdastjóri Gildis
- Samspil ellilífeyris almannatrygginga og lífeyrissjóða
Henný Hinz, hagfræðingur ASÍ
- Nýtt fyrirkomulag við val á stjórnarmönnum og hlutverk fulltrúaráðs
Árni Hrafn Gunnarsson, lögfræðingur Gildis

Fundarstjóri: Áslaug Hulda Jónsdóttir, stjórnarmaður í Gildi

Vakin er athygli á að efni fundarins verður þýtt jafnóðum á ensku og texta varpað á skjá

Stjórn Gildis-lífeyrissjóðs




Lífeyrissjóður

www.gildi.is



MÁNUDAGUR 18. NÓVEMBER 2019

Gólfefni



Kährs Sture viðarparketið á fallegu íslensku heimili. Innanhússarkitekt: Berglind Berndsen. LJÓSMYND/GUNNAR SVERRISSON

Doktor.is

- Fræðsla
- Ráðgjöf
- Forvarnir



Öll bestu gólfefnin í boði á einum stað

Birgisson býður eitt mesta úrval landsins af gólfefnum og selur það nýjasta og besta á markaðnum. Þar fást margar gerðir af hágæða viðar- og harðparketi, gólf- og veggflisar í ýmsum stærðum og umhverfisvænt vinylparket. ➔2



Þórarinn segir að það sé mikil áhersla á góða þjónustu. FRÉTTABLAÐIÐ/STEFÁN

Framhald af forsiðu →

Birgisson er fjölskyldufyrirtæki með metnað og hefð fyrir glæsilegu vöruúrvali á góðu verði,“ segir Þórarinn Gunnar Birgisson, framkvæmdastjóri Birgisson ehf. „Í sýningarsal okkar í Ármúla 8 leggjum við mikla áherslu á góða og fallega vöruuppstillingu, frábæra þjónustu og gott verð. Við sérhæfum okkur í sölu á parketi, flísum og hurðum en bjóðum einnig upp á sérhæfðari vörur eins og utanhússklæðningar og kerfisloft.“

Harðparket er 95% umhverfisvænn viður

Birgisson ehf. býður upp á eitt mesta úrval landsins í harðparketi frá þýska framleiðandanum Kronotex.

„Við erum þekkt fyrir að vera með gríðarlega mikið vöruúrval og þá sérstaklega í harðparketinu.“ segir Þórarinn. „Hjá okkur er hægt að fá fallett 8 mm harðparket á mjög hagstæðu verði og allt upp í 14 mm harðparket í stórum borðum sem þolir mikið álag.“

Þórarinn bendir á að margir haldi að harðparket sé svokallað „plastparket“ og að uppistadan í því sé mestmegnis plast. „Í raun er harðparket 95% umhverfisvænn viður og eingöngu 5% plast,“ segir hann. „Yfirborðslagid er úr plasti og þar af leiðandi mjög slitsterkt.“ Samhliða harðparketi er einnig þó nokkurt úrval hjá Birgisson ehf. af fallegu vidarparketi og gegnheilu eikarparketi í mismunandi stærðum sem má leggja í sildarbeinsmunstur.

„Við hófum nýverið samstarf við þýska fyrirtækið Osmo. Þeir bjóða upp á heildarlausnir þegar kemur að meðhöndlun og viðhaldi á vidargólfum,“ segir Þórarinn. „Þar erum við mest að notast við vaxolíu, hún sameinar kosti lakks og olíu og myndar sterka filmu á yfirborði parketsins. Þessi vaxolía býður upp á mikla möguleika við litun og áferðarval á vidargólfum og er allt ferlið mjög einfalt.“

Einstaklega fljótlegt að leggja vínyparketið

„Nýjasta varan hjá okkur er svokallað SPC-vínyparket. SPC stendur fyrir stone plastic composite og er mun umhverfisvænni útgáfa af hefðbundnu vínyparketi,“ segir Þórarinn. „SPC-vínyparketið er 100% vatnshelt og er eitt endingarbesta gólfefni sem völ er á. Afast undirlag og læsingarkerfi gerir það að verkum að lögnin er einstaklega fljótleg.“

Hvað er spennandi í flísum?

„Flísar fara stöðugt stækkandi og gæðin eru alltaf að aukast. Áður

